


Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna

Fagfundur Samorku
Sigurbjörg Sæmundsdóttir
28. maí 2009



Markmið laganna

Afmarka skyldur sveitarfélaga hvað varðar fráveitumál og fráveituframkvæmdir

Tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitna þannig að frárennsli valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið

Skýra réttindi og skyldur eigenda og notenda fráveitna

Stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og starfrækslu fráveitna




Skyldur sveitarfélaga skýrðar

-> skylt að koma á fót og starfrækja fráveitu í þéttbýli

Í reynd hefur lengi verið litið svo á að uppbygging og rekstur fráveitna í þéttbýli sé verkefni sveitarfélaga

Sveitarfélög hafa um langa hríð sinnt framkvæmdum við fráveitur og rekið fráveitur


Í gildi eru lög og reglugerðir sem skilgreina þær umhverfis- og mengunarvarnakerfur sem gilda um fráveitur og skólp.



Lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur f ráveitna

Frumkvæði frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga - eðlilegt að skýrt yrði kveðið á í lögum um skyldur sveitarfélaga í fráveitumálum og að uppbygging og rekstur þeirra væri skylduverkefni sveitarfélaga.

Frumvarpið var samið af ráðherraskipaðri nefnd og komu sjónarmið sveitarfélaga vel fram í starfi nefndarinnar




Hryggstykki laganna 4. gr. og II. kafli

Afmarkar helstu skyldur sveitarfélaga í fráveitumálum

Meginregla að sveitarfélag ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu - Framkvæmdaskylda á sveitarfélög í þéttbýli - sameiginlegt kerfi

Sveitarstjórnnum er ætlað að samþætta áætlanir um fráveitur við skipulagsgerð

Sveitarfélög hafa forgang til að stofna og reka fráveitur



Sveitarstjórn beiti sér fyrir því að skólpi og ofanvatni verði safnað saman með safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki í dreifbýli ó kveðið á um á hvaða svæðum skuli koma á fót safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki sem og hver ber þá skyldu

Ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki verði sett í deiliskipulag þar sem þess er þörf

Sveitarstjórn skal senda áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir



Meginregla að safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki sé til staðar

Telji sveitarstjórn hins vegar ekki þörf á að setja ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki á viðkomandi svæði, s.s. ef kostnaður er óvenju mikill miðað við umhverfislegan ávinning, getur heilbrigðisnefnd heimilað að beitt sé öðrum lausnum



Fráveitur sem sveitarfélög setja á fót skal vera í eigu sveitarfélaga til að tryggja besta þjónustu til handa íbúum sveitarfélaganna

Þó er heimilt að fela félagi í meiri hluta eigu sveitarfélaga skyldur og réttindi til uppbyggingar, reksturs og eignarhalds fráveitna

Þar sem sveitarfélagi er skylt að reka og koma á fót fráveitu skal það hafa einkarétt til þess. Sama gildir þar sem sveitarfélag nýtir forgangsrétt sinn til að koma á fót fráveitu



Sveitarstjórnnum er heimilt að koma á fót og reka
sameiginlega fráveitu

Sveitarstjórnir skulu gera með sér samkomulag
um með hvaða hætti fráveitunni skuli komið á fót
og hún rekin




III. kafli fjallar um aðrar fráveitur

Svæði þar sem skyldum sveitarfélaga sleppir og sveitarstjórn nýtir ekki heimild sína til að koma á fót fráveitu skal landeigandi sjá til þess að skólp sé hreinsað, koma á safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirki

Landeigandi skal koma á fót fráveitu þar sem frístundabyggð er skipulögð eða gera samkomulag við starfandi fráveitu


Þar sem land er í sameign getur sá eða þeir sem eiga meiri hluta landsins tekið ákvörðun um fráveituframkvæmd



IV. kafli fjallar um fráveitulagnir

Eiganda húseignar er skylt að annast lagningu heimæða á sinn kostnað en eigandi fráveitu sér um lagningu og viðhald allra fráveitulagna

Réttur til tengingar við fráveitu




V. kafli - Ákvæði um gjaldtöku

Gjaldtökuákvæði eru skýrari en áður

Stjórn fráveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda - miða skal við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, viðtakarannsóknnum og vöktun og fyrirhuguðum stofnkostnaði skv. langtímaáætlun


Skipta má starfssvæði fráveitu í veitusvæði og setja sérstaka gjaldskrá fyrir hvert svæði



Nýmæli varðandi losun í fráveitukerfi sveitarfélags frá atvinnustarfsemi og vegna losunar sem er frábrugðin losun frá heimilum


Heimilt að innheimta gjald miðað við innrennsli vatns

Heimilt að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða við fráveitukerfið



Nýti sveitarfélög gjaldtökuheimildir nægja þær til þess að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum sveitarfélaganna þannig að ekki er um útgjöld að ræða umfram gjaldtöku

Sveitarfélag skal birta gjaldskrá í Stjórnartíðindum



VI. kafli fjallar um ýmis ákvæði

Aðgangur að fráveitu sem fyrir er og aðgangur að landi vegna fráveituframkvæmda, þ.m.t. eignarnám

Hlutlæg bótaábyrgð vegna tjóns á fráveitu, s.s. vegna losunar, - sá sem veldur tjóni ber bótaábyrgð þó svo að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans


Reglugerðarheimild



PDF
Complete

*Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.*

[Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features](#)





Af hverju?

Vernda umhverfi og heilsu

Skýra hlutverk sveitarfélaga

Styrkja rekstur fráveitna


Stuðla að markvissari stefnumörkun sveitarfélaga

**Heilbrigð þjóf
í hreinu landi**



*Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.*

[Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features](#)



Kærar þakkir